

AÐALFARARSTJÓRAR WSJ



Ítarlegur verkefnalisti

Fararstjórar eru endanlega ábyrg fyrir öllum störfum fararhópsins og skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öllum góða upplifun og góðan stuðning á meðan ferð stendur.

Fararstjórn vinnur ýmist með þátttakendum, sveitarforingjum, þjónustuliðum, forráðafólki og starfsfólki Skátamiðstöðvar.

Aðalfararstjórar þurfa að sinna eftirfarandi verkefnum:

VERKEFNI FYRIR MÓTIÐ

Fararstjórar tryggja að öll nauðsynleg gögn séu til staðar og verkefnaskipting sé eðlileg:

- Vinna eftir fjárhagsáætlun sem sett er af fjármálastjóra BÍS.
- Gefa stöðumat með reglulegum hætti til stýrihóps ferðarinnar.
- Halda utan um verkefnaáætlun framkvæmdarinnar sem og tímálinu, sem unnin er af fararstjórum í samráði við stýrihóp.
- Velja fararstjórn og sveitarforingja í samvinnu við stýrihóp.

Fararstjórar eru ábyrg fyrir kynningu mótsins til skátafélaga og skáta og leggja sig alla fram við að vekja áhuga sem flestra á mótinu.

Fararstjórar tryggja góða miðlun upplýsinga til allra viðeigandi aðila. Sú vinna inniheldur:

- Talsverða undirbúningsvinnu sem fer fram á fundum, í tölvupóstum, á fjarfundum o.fl.
- Að vera til taks og sækja þá viðburði og fundi sem tengjast undirbúningi, framkvæmd og frágangi ferðarinnar.
- Kynna sér mjög vel upplýsingar fyrir mótið**, vera vakandi fyrir breytingum og miðla upplýsingum áfram
- Að **skila öllum upplýsingum til mótshaldara** sem kallað er eftir um þátttakendur og sækja Safe from harm og önnur námskeið sem mótshaldarar gætu farið fram á fyrir mótið.



- Að **sinna hverju atriði sem móttstjórn Alheimsmóts skáta ætlast til af þeim** og þurfa því að fylgjast vel með og lesa fréttabréf mótsstjórnar.

Formaður fararstjórnarhópsins

- Fararstjórar þurfa að skuldbinda sig til að **mæta á alla undirbúningsfundi fararstjórnar** og vera tilbúin að deila ábyrgð og verkefnum.

Fararstjórar bera ábyrgð á skipulagi allra ferðalaga tengd mótinu, þ.e. fyrir móti, á mótinu sjálfu og eftir móti.

Fararstjórar bera ábyrgð á skipulagi undirbúningsferða sveitanna og fararhópsins í heild og virkja þar sveitarforingjana.

Fararstjórar bera ábyrgð á að farahópurinn sé vel undirbúinn og forráðafólk vel upplýst, sú vinna inniheldur:

- Skiptingu þátttakenda í flokka og val sveitarforingja.
- Stuðningur við sveitarforingja til að sveitirnar undirbúi sig með viðeigandi hætti.
- Umsjón upplýsingafunda fyrir forráðafólk fram að móti og sinnir upplýsingagjöf til forráðafólks t.d. í formi reglulegra upplýsingabréfa.

Á MEÐAN Á MÓTI STENDUR

Það eru margvísleg verkefni sem þarf að sinna á meðan móti stendur, mikilvægast er að íslenski hópurinn sé vel upplýstur um það sem kemur upp hverju sinni, sé tilkynnt um allar breytingar eins fljótt og auðið er og tryggt að allar upplýsingar skili sér til þeirra sem þurfa.

- Fararstjórar **fylgjast með sveitum og þjónustuliðum á mótinu** og tryggja að allt gangi vel hjá þeim.
- Þau **bregðast við ákalli um aðstoð innan fararhópsins** og mæta reglulega í heimsókn til skátasveitanna til að gera úttektir, leiðbeina og benda á hvað megi gera betur.



Fararstjórar bera ábyrgð á ferðalögum tengd mótinu og stýra hópnum þegar ferðast er á milli staða.

- Fararstjórar skipuleggja einnig og stýra dvöl utan mótsvæðis fyrir og/eða eftir móti.

Á mótinu **annast fararstjórar miðstöð fararhópsins** í miðbæ tjaldbúðar mótsins, þar er staðið fyrir kynningu á Íslandi og íslensku skátastarfi.

Fararstjórar bera ábyrgð á upplýsingaflæði, sú vinna inniheldur:

- Að **tryggja að allt upplýsingaflæði sé gott milli allra aðila** og miðlar frá mótinu til íslenskra skáta, Skátamiðstöðvar og forráðafólks þátttakenda eins og er viðeigandi.
- Að **mæta á fararstjórnarfundi með mótsjórn** og miðla upplýsingum áfram til sveitarforingja og þjónustuliða eins og ætlast er til.

EFTIR HEIMKOMU

Að móti loknu bera fararstjórar ábyrgð á að fararstjórn skili af sér skýrslu um ferðina til Skátamiðstöðvar og/eða alþjóðaráðs BÍS eigi síðar en 2 mánuðum eftir heimkomu. Einnig ber fararstjórn ábyrgð á að gengið sé frá öllum búnaði og honum komið til skila á skrifstofu BÍS eins fljótt og auðið er.

